

REGLUGERÐ

um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

I. KAFLI

Gildissvið og tilgangur.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar kvaðir um bókhaldslegan aðskilnað, kostnaðarbókhald og/eða eftirlit með gjaldskrá, og fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur bókhaldslegs og fjárhagslegs aðskilnaðar er að gera aðgengilegar upplýsingar sem eru betur sundurliðaðar en upplýsingar í almennum ársreikningum, að sýna afkomu einstakra rekstrareininga eins og þær væru reknar sem sérstök fyrirtæki, að koma í veg fyrir að fyrirtæki mismuni samkeppnisaðilum og að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur á milli rekstrareininga.

Tilgangur með kostnaðarbókhaldi er að tryggja að sanngjörnum, hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum sé fylgt við útteilingu kostnaðar á einstakar þjónustutegundir þegar kvaðir um eftirlit með gjaldskrá hafa verið lagðar á fyrirtæki.

3. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Hrakvirði: Virði rekstrarfjármunar að loknum endingartíma hans hjá eiganda.

Langtíma viðbótarkostnaður (LRIC): Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur. Önnur útfærsla af LRIC er langtíma meðaltals viðbótarkostnaður (LRAIC) en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað.

Sviptivirði rekstrarfjármuna: Sú upphæð sem nægir til að bæta fyrirtæki það tjón sem hlytist ef fyrirtækið væri svipt rekstrarfjármunum. Svíptivirði er í flestum tilvikum jafnt endurkaupsverði.

Að öðru leyti gilda orðskýringar í lögum nr. 70/2022, um fjarskipti.

II. KAFLI

Bókhaldslegur aðskilnaður.

4. gr.

Framkvæmd aðskilnaðar.

Eftirtalin fjarskiptafyrirtæki skulu færa sérstakt og aðgreint rekstrarbókhald fyrir hvern þann hluta starfsemi sinnar sem þeim er skylt að aðskilja eins og um sérstakt fyrirtæki væri að ræða:

a. Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk sem á hafa verið lagðar kvaðir um bókhaldslegan aðskilnað skv. 51. gr. laga nr. 70/2022, um fjarskipti, og

b. fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum, sbr. 10. gr. laga nr. 70/2022.

Fjarskiptafyrirtæki sem falla undir a-lið 1. mgr. skulu aðskilja í bókhaldi sínu þá hluta starfsemi sinnar, tengda aðgangi, samtengingu eða annarri þjónustu, sem kveðið er á um í ákvörðun Fjarskiptastofu um bókhaldslegan aðskilnað hjá viðkomandi fyrirtæki.

Fjarskiptafyrirtæki sem falla undir b-lið 1. mgr. skulu aðskilja í bókhaldi sínu rekstur fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta frá annarri starfsemi sinni.

5. gr.

Innihald rekstrarreikninga.

Árlega skal gera rekstrarreikning fyrir hverja einingu í starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem aðskilin er skv. 4. gr.

Rekstrarreikningar skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við gildandi lög um ársreikninga og innihalda rekstraruppgjör sem sýnir sundurliðaðar tekjur og gjöld starfseminnar, upplýsingar um bundið fjármagn og upplýsingar um sölu milli einstakra aðskilinna rekstrarþátta.

Rekstrarreikninga fyrir aðskilda þætti í starfsemi fjarskiptafyrirtækis skal stemma af gagnvart heildarrekstrarreikningi fyrirtækisins eins og hann kemur fram í ársreikningi.

Ef fjarskiptafyrirtæki fær framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu skal gera sérstaklega grein fyrir framlaginu og ráðstöfun þess.

6. gr.

Uppgjörsreglur.

Við gerð aðskilinnna rekstrarreikninga skv. 4. gr. skal fylgja eftirtöldum meginreglum:

1. Öll viðskipti milli aðgreindrar rekstrareiningar og annarra eininga viðkomandi fyrirtækis þar með talin sameiginleg afnot af aðstöðu skulu bókfærð á markaðsverði.
2. Ef ekki er hægt að finna markaðsverð skulu innri viðskipti færð á verði sem miðast við kostnað ásamt hæfilegri arðsemi.
3. Sala milli aðgreindra rekstrareininga innan fyrirtækis á þjónustu eða aðgangi sem lýtur kvöðum um jafnræði skal færð á samsvarandi verði og sala til annarra fyrirtækja.
4. Ef þjónusta eða aðgangur lýtur kvöð um eftirlit með gjaldskrá skal verð í viðskiptum milli aðgreindra rekstrareininga vera í samræmi við þá kvöð.
5. Færsla efnislegra eða óefnislegra eigna milli aðskilinna rekstrareininga skal vera á bókfærðu verði.

Rekstrarreikningar aðskilinna rekstrareininga skulu sýna með greinilegum hætti að innri viðskipti viðkomandi fjarskiptafyrirtækis fari fram í samræmi við 1. mgr.

7. gr.

Kostnaðarskipting.

Við gerð aðskilinna rekstrarreikninga skv. 4. gr. skal nota verkgrundaðan kostnaðarreikning. Skipting kostnaðar niður á aðskildar rekstrareiningar skal vera samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

1. Beinan kostnað af því að koma upp, starfrækja og viðhalda viðkomandi rekstrareiningu skal heimfæra alfarið á hana.
2. Sameiginlegum kostnaði, þ.e. kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra á einstaka rekstrareiningu, skal deila að svo miklu leyti sem unnt er milli rekstrareininga með því að greina tilurð kostnaðarins.
3. Þegar kostnaðarskipting samkvæmt 1. og 2. tölul. er ekki möguleg, skal sameiginlegum kostnaði skipt á grundvelli óbeinna tengsla við aðra kostnaðarliði eða hóp kostnaðarliða. Hin óbeinu tengsl skulu byggjast á sambærilegri uppsetningu kostnaðar.
4. Þegar hvorki er hægt að finna beina né óbeina aðferð til heimfærslu, skal heimfærsla kostnaðar eiga sér stað á grundvelli skiptireglu sem reiknast sem hlutfall alls beins og óbeins kostnaðar heimfærðs annars vegar til viðkomandi rekstrareiningar og hins vegar til annarra rekstrareininga sem eiga hlutdeild í kostnaðinum.

Tekjur sem ekki stafa frá aðskilinni rekstrareiningu má ekki heimfæra til hennar. Tekjum skal skipta milli viðkomandi rekstrareininga eftir sömu reglum og um getur í 1. mgr.

Upplýsingaskráning skal vera nægilega nákvæm og sundurgreind til þess að reikningskerfi sem notar fjárhagslegar og ófjárhagslegar upplýsingar til deilingar á kostnaði gefi rétta mynd af tekjum og gjöldum sem tilheyra hverri rekstrareiningu.

8. gr.

Kostnaðargrundvöllur.

Aðgreindir rekstrarreikningar skv. 4. gr. skulu byggjast á sögulegum kostnaði (kostnaðarverðsreikningsskilum). Byggt skal á raunverulegum skráðum kostnaði og tekjum á viðkomandi reikningsári. Efnislegar eignir skulu bókfærðar á upphaflegu stofnverði leiðréttu með uppsöfnuðum afskriftum og framreiknaðar í samræmi við verðlagsbreytingar.

Fjarskiptafyrirtæki sem bera kvöð um að gjaldskrá skuli byggjast á langtíma viðbótarkostnaði LRIC skulu, auk rekstrarreikninga skv. 1. mgr., færa sérstaka LRIC rekstrarreikninga, í samræmi við ákvörðun Fjarskiptastofu.

III. KAFLI

Fjárhagslegur aðskilnaður.

9. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður vegna einka- eða sérréttinda.

Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptabjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum, sbr. 10. gr. laga nr. 70/2022, skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Ákvæði þetta gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis.

10. gr.

Lágmarkskröfur til fjárhagslegs aðskilnaðar.

Að lágmarki skal fjárhagsleg aðgreining skv. 9. gr. felast í eftirfarandi þáttum:

1. Stofnuð skal sérstök eining um fjarskiptarekstur viðkomandi fyrirtækis og skulu reikningsskil einingarinnar vera sjálfstæð, í samræmi við ársreikningalög og í samræmi við II. kafla reglugerðarinnar eftir því sem við á.
2. Gera skal stofnefnahagsreikning fyrir fjarskiptarekstur og tilheyrandi eignir skulu færðar á markaðsverði eða endurkaupsverði ef markaðsverð liggur ekki fyrir.
3. Með skuldum einingar í fjarskiptarekstri skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi hennar og skulu skuldir fjarskiptarekstrareiningar við önnur svið fyrirtækis bera markaðsvesti.
4. Öll viðskipti milli fjarskiptarekstrar og annarra sviða skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða.

IV. KAFLI

Kostnaðargreiningar.

11. gr.

Kostnaðarbókhaldsaðferðir.

Þegar Fjarskiptastofa hefur lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar, aðgangs eða annarrar þjónustu, skv. 3. mgr. 46. gr. eða 52. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 skulu viðkomandi fyrirtæki fara eftir ákvæðum þessa kafla.

Fjarskiptastofa ákveður hvaða aðferð skuli nota við kostnaðarbókhald. Við val á aðferð skal hafa hliðsjón af EES-tilmælum, leiðbeiningum og sameiginlegri afstöðu evrópskra eftirlitsstofnana, en taka skal tillit til aðstæðna á innanlandsmarkaði.

12. gr.

Kostnaðargreining.

Kostnaðargreining skal fara fram á þeim þjónustubáttum sem lúta kvöð um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár skv. 11. gr. Fjarskiptastofa ákveður hvort stofnunin framkvæmir greininguna eða viðkomandi fyrirtæki framkvæmir hana undir eftirliti stofnunarinnar. Kostnaðargreiningu skal haga í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fjarskiptastofa ákveðið að gjöld skuli ákveðin með samanburði við gjaldskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum eða að heildsölugjaldskrá skuli miðuð við smásölugjaldskrá með tilteknum afslætti.

13. gr.

Endurskoðun kostnaðargreiningar.

Fjarskiptastofa metur hvort þörf sé á umtalsverðum breytingum á fyrirbyggjandi kostnaðargreiningum. Í ákvörðun um gjaldskrá skal Fjarskiptastofa tilgreina hvenær næsta endurskoðun á gjaldskránni skuli fara fram.

Fjarskiptafyrirtæki sem ákvörðun um gjaldskrá beinist að getur farið fram á að metin verði þörf á endurskoðun kostnaðargreiningar. Gera skal grein fyrir því hvaða þætti kostnaðargreiningar fyrirtækið telur þörf á að endurskoða og leggja skal fram gögn því til stuðnings.

14. gr.

Eignamat.

Í markaðsgreiningu skal Fjarskiptastofa ákvarða hvaða aðferð skuli beitt við mat á fjárfestingarkostnaði.

Í kostnaðargreiningu skal leggja mat á virði þeirra fjárfestinga sem krafist er til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Ef Fjarskiptastofa metur það svo að nauðsynlegt sé að líkja sem mest eftir aðstæðum á samkeppnismarkaði er heimilt að miða við sviptivirði rekstrarfjármuna.

Að jafnaði skal ekki reikna viðskiptavild til eigna sem þarf til að veita fjarskiptapjónustu.

Fjarskiptastofa getur ákveðið að stuðst verði við sögulegan kostnað. Í slíkum tilfellum getur Fjarskiptastofa haft til samanburðar áætlað verð sem myndi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

15. gr.

Afskriftir.

Beita skal línulegri afskrift við mat á árlegum afskriftum eigna sem tengjast framboði þjónustunnar, þ.e. afskrift er fundin með því að deila í sviptivirði eignarinnar með áætluðum endingartíma. Fjarskiptastofu er heimilt þegar sérstakar aðstæður krefjast þess að samþykkja notkun annarra afskriftaraðferða og að taka tillit til hugsanlegs hrakvirðis eignar.

16. gr.

Ávöxtunarkrafa.

Reikna skal kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við viðauka með reglugerð þessari. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspegla tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði.

Fjarskiptastofa ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og skulda.

Fjarskiptastofa getur ákveðið að gera megi mismunandi ávöxtunarkröfur fyrir einstakar rekstrareiningar fjarskiptafyrirtækis þegar reiknað er vegið meðaltal fjármagnskostnaðar.

Við val á aðferð til að leiða fram vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) skal hafa hliðsjón af EES-tilmælum, leiðbeiningum og sameiginlegri afstöðu evrópskra eftirlitsstofnana, að teknu tilliti til aðstæðna á innanlandsmarkaði.

17. gr.

Kostnaðargrunnur.

Þegar LRIC aðferðin er notuð við kostnaðargreiningu skv. 12. gr. skal miða við kostnað sem í framtíð mun stafa af því að reka viðkomandi þjónustupátt.

Kostnaðargreiningu skal byggja á því hvað myndi kosta að reka viðkomandi þjónustu á fjarskiptaneti sem byggt er upp þannig að hagkvæmni sé hámarkuð og að fyrirtækið sé rekið á hagkvæman hátt. Kostnaður sem stafar af óhagkvæmni og úreltri tækni má ekki taka með við ákvörðun verðs. Þegar sviptivirði rekstrarfjármuna er ákvarðað skal miða við nýjustu og hagkvæmustu tegundir búnaðar og neta.

18. gr.

LRIC kostnaðarlíkan.

Þegar LRIC aðferðin er notuð við kostnaðargreiningu skv. 12. gr. skal gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í fyrirtæki sem telst rekið á hagkvæman hátt. Gerð LRIC líkans felur í sér að greina skal kostnað við að auka magn þjónustu eða fjölga þjónustutegundum. Í hverju tilfelli fyrir sig þarf að ákveða hversu mikil aukningin sem mæld er skal vera.

Fjarskiptastofa ákveður hvort stofnunin gerir sjálf kostnaðarlíkan eða viðkomandi fjarskiptafyrirtæki undir eftirliti stofnunarinnar. Fjarskiptastofa getur ákveðið að byggja á meðaltalskostnaði (LRAIC).

Þegar Fjarskiptastofa gerir kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC aðferðina skal útbúa kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði (bottom-up líkan).

Þegar fjarskiptafyrirtæki gerir kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC aðferðina skal byggja á gögnum úr bókhaldi og eignaskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Notast er við sögulegan kostnað og sviptivirði rekstrarfjármuna í þeim tilgangi að setja gildi inn í líkanið (top-down líkan). Fjarskiptastofa getur gert breytingar á líkani fjarskiptafyrirtækis sem unnið er á þennan hátt ef líkanið samrýmist ekki öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar t.d. ef til staðar er óhagkvæmni sem koma mætti í veg fyrir.

Fjarskiptastofa getur ákveðið að samtímis verði gerð tvö mismunandi kostnaðarlíkon í samræmi við 3. og 4. mgr. og ákvörðun um gjaldskrá verði byggð á samanburði á þeim tveimur.

Fjarskiptastofu er heimilt að setja reglur um beitingu LRIC aðferðarinnar, þ.m.t. um kostnaðargrunn og byggingu líkana.

19. gr.

Netgrundvöllur.

Við færslu og útreikninga á kostnaði við almenn fjarskiptanet til notkunar í LRIC aðferðinni skal almennt gengið út frá staðsetningu tengipunkta, eins og þeir eru í netinu hverju sinni. Fjarskiptastofa getur þó ákveðið við útreikninga á LRIC að breyta forsendum um staðsetningu einstakra tengipunkta ef ljóst þykir að gildandi staðsetning hafi í för með sér verulegan aukakostnað umfram það sem önnur staðsetning hefði leitt til.

20. gr.

Ákvörðun um gjaldskrá.

Þegar kostnaðarbókhald er notað til viðmiðunar fyrir gjaldskrá fyrir aðgang, samtengingu eða aðra þjónustu, má samanlögð gjaldtaka fyrir hvern þjónustubátt ekki vera hærri en sá kostnaður sem færður er á þann þátt í samræmi við ákvörðun Fjarskiptastofu.

Fjarskiptastofa ákveður verð fyrir samtengingu, aðgang eða aðra þjónustu sem lýtur kvöðum um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár.

Ákvörðun Fjarskiptastofu skv. 1. gr. skal byggja á kostnaðargreiningu eða öðrum aðferðum sem tiltekna eru í 12. gr.

Ákvörðun um verð skv. 2. mgr. gildir fyrir öll fyrirtæki sem bera kvöð um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár á viðkomandi markaði, nema annað sé ákveðið.

Fjarskiptastofa getur ákveðið að fyrirtæki fái aðlögunartíma til þess að færa gjaldskrá sína niður að kostnaðargreindu verði.

21. gr.

Málsmeðferð.

Fjarskiptastofa ákveður nánar hvernig málsmeðferð er háttað varðandi uppbyggingu, uppfærslu og breytingar á kostnaðargreiningum, þ. á m. hvernig samráð við hagsmunaaðila fer fram og hversu langa fresti fyrirtæki fá til

V. KAFLI

Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Eftirlit.

Fjarskiptastofa skal hafa eftirlit með að starfsemi fjarskiptafyrirtækja uppfylli kröfur laga nr. 70/2022 um fjarskipti sem nánar eru útfærðar í reglugerð þessari.

23. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang Fjarskiptastofu að upplýsingum fer samkvæmt lögum nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu.

Fjarskiptafyrirtæki skal afhenda Fjarskiptastofu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna kostnaðargreiningar og eftirlits skv. 22. gr., hvenær sem óskað er eftir því.

24. gr.

Greinargerð um bókhaldsaðferðir.

Fjarskiptafyrirtæki sem bera kvaðir um bókhaldslegan eða fjárhagslegan aðskilnað og/eða kostnaðarbókhald skulu útbúa greinargerð um tilhögun bókhalds. Greinargerðin skal m.a. innihalda upplýsingar um:

1. Reikningsskilareglur.
2. Reglur um deilingu kostnaðar og tekna.
3. Reglur um innri viðskipti.
4. Lýsingu á reiknaðferðum.
5. Upplýsingar um stærðir, aðrar en fjárhagslegar.
6. Lista yfir vörur, þjónustu, viðfangsefni og nethluta.
7. Reglur um eignamat og afskriftir.
8. Reglur sem notaðar eru við gerð reikninga skv. 2. mgr. 8. gr., ef við á.

25. gr.

Skil rekstrarreikninga.

Fjarskiptafyrirtæki sem bera kvaðir um bókhaldslegan eða fjárhagslegan aðskilnað og/eða kostnaðarbókhald skulu senda Fjarskiptastofu sérgreinda rekstrarreikninga ásamt heildarársreikningi fyrir fyrirtækið og samstæðureikningi, ef við á, eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu innihalda:

1. Skýrslu stjórnar.
2. Aðskilda rekstrarreikninga.
3. Uppgjör og afstemmingar innri sölu.
4. Afstemmingar gagnvart ársreikningi fyrirtækisins.

Reikningar skv. 1. mgr. skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningum skal fylgja yfirlýsing frá endurskoðanda um að þeir séu unnir í samræmi við reglugerð þessa og í samræmi við greinargerð sem gerð er samkvæmt 24. gr. Í yfirlýsingu endurskoðanda skal getið um öll frávik frá reglum, ábendingar um atriði sem betur mættu fara, aðferðir við endurskoðun reikninga og nánari upplýsingar eftir því sem þörf er á.

Fjarskiptastofa ákveður hvenær reikningum skv. 1. mgr. skal skilað í fyrsta sinn, en að jafnaði skal það vera eftir fyrsta heila rekstrarár eftir að ákvörðun um bókhaldslegan aðskilnað er birt.

26. gr.

Birting upplýsinga.

Fjarskiptafyrirtæki skulu birta opinberlega greinargerð skv. 24. gr. og yfirlýsingu frá endurskoðanda skv. 3. mgr. 25. gr. Fjarskiptastofa getur krafist birtingar á öðrum gögnum skv. 25. gr. í þeim tilgangi að auka gagnsæi og stuðla að trausti á verðákvörðunum. Heimilt er að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki

27. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 103. og 104. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.

28. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 7. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti, nr. 70/2022, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja nr. 564/2011.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. maí 2023.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Ásdís Halla Bragadóttir.

VIÐAUKI

Til að ákveða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) er notuð eftirfarandi formúla:

$$WACC = K_e * (E/(D+E)) + K_d * (D/(D+E))$$

þar sem:

K_e = eiginfjáarkostnaður í prósentum

E = eigið fé

K_d = lánsfjáarkostnaður í prósentum

D = skuldir

Tekið er tillit til skatta (post-tax):

$$WACC = K_e * (E/(D+E)) + K_d * (1-t) * (D/(D+E)) \text{ þar sem:}$$

t = tekjuskattshlutfall

Þegar reiknað er WACC fyrir skatta (pre-tax):

$$WACC \text{ (pre-tax)} = WACC / (1-t)$$

Við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár er stuðst við CAPM líkanið (Capital Asset Pricing Model):

$$K_e = R_f + \beta * (R_m - R_f) \text{ þar sem:}$$

R_f = áhættulausir vextir

R_m = vænt meðalávöxtun hlutabréfamarkaðar

$(R_m - R_f)$ = áhættuálag markaðar

β = beta stuðull sem gefur til kynna áhættu viðkomandi atvinnugreinar í samanburði við markaðinn í heild

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.